



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Samantekt á athugasemdum umsagnaraðila um umræðuskjal stofnunarinnar um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu.

1. Inngangur

Póst- og fjarskiptastofnun birti þann 21. febrúar sl. umræðuskjal um framtíðarskipan þeirra alþjónustuskyldu, að bjóða tengingu við almenna fjarskiptanetið.

Alls bárust athugasemdir frá 10 hagsmunaaðilum:

- Mílu
- Vodafone
- IP fjarskipti (Tal)
- Tengir
- Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Sveitarstjórn Dalabyggðar
- Byggðastofnun
- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga
- Bændasamtökin

Póst- og fjarskiptastofnun hefur nú tekið saman yfirlit yfir helstu atriði þeirra athugasemda sem bárust. Í samantekt stofnunarinnar er að finna yfirlit yfir almennar athugasemdir umsagnaraðila, ásamt samantekt á svörum við þeim tilteknu spurningum sem stofnunin beindi út á markaðinn. Rétt er að geta þess að neðangreind samantekt er ekki tæmandi varðandi þær athugasemdir sem bárust.

Jafnframt birtast umsagnir hagsmunaaðila í heild á heimasíðu PFS.

2. Yfirlit yfir helstu punkta sem umsagnaraðila komu inn á

Eftirfarandi meginlínur má draga af þeim athugasemdum sem bárust:

- Að nauðsynlegt sé að bæta fjarskiptaþjónustu í dreifbýli
- Að skapað verði umhverfi sem hvetji til fjárfestingar
- Að Míla verði útnefnt áfram með skyldu til að veita aðgang að almenna fjarskiptanetinu

- Að lágmarksgagnaþjónusta innan alþjónustu verði skilgreind
- Að þjónustan verði skilgreind en ekki ákveðin tæknilausn
- Að fram fari kortlagning á því hvar markaðsbrestur er á landinu
- Að fram fari kostnaðarmat á því hvað það kosti að tryggja öllum landsmönnum háhraðaþjónustu
- Að sett verði hámark á kostnað alþjónustuveitanda
- Að af þeim leiðum sem kynntar voru í samráðinu verði leið 3 valin, þ.e. kostnaðarskipting á milli alþjónustuveitanda, notanda og jöfnunarsjóðs, með breytingum, t.d. lækkun á kostnaðarhlut notenda og/eða alþjónustuveitanda
- Að dýrustu tengingunum verði sleppt þar sem farið verður í endurnýjun
- Að ríkið komi inn í uppbygginguna með beinum framlögum í gegnum fjárlög

2. Yfirlit yfir almennar athugasemdir sem bárust

Hér fyrir neðan er að finna helstu áhersluatriði sem komu frá umsagnaraðilum:

Almennar athugasemdir Mílu:

- Stöðnun í uppbyggingu á næstu kynslóðar netum
- Míla tekur undir að bæta þurfi út þeim mun sem er á fjarskiptaþjónustu í þéttbýli og dreifbýli
 - Að Míla hafi ekki möguleika á að byggja „Ljósveitu“ allsstaðar, né sé önnur uppbygging möguleg á markaðsforsendum, enda fjárfestingin meiri en hægt sé að endurheimta á líftíma fjárfestingarinnar, með stofn og afnotagjöldum
 - Að mati Mílu uppfylli Koparkerfið þarfir í þéttbýli, en ekki í dreifbýli vegna fjarlægðar frá götuskápum
- Jafnframt bendir Míla á að í Bretlandi hafi ríkið komið að uppbyggingu háhraðaneta með samþykki EB
 - Framlög úr ríkissjóði, sveitarfélögum og sjóðum á vegum EB

Tengir:

- Í athugasemdum Tengis var m.a. bent á að Alþingi þyrfti að svara ýmsum af þeim grundvallarspurningum sem liggja í loftinu um jafnræði borgaranna og rétt þeirra til alþjónustu.

Bændasamtökin:

- Að íbúum í dreifbýli verði veitt fullt aðgengi að fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. talsímaþjónustu og gagnaflutningsþjónustu, með viðundandi gæðum á sambærilegu verði og fjarskiptaþjónusta er veitt í þéttbýli.
- Að þjónustan verði veitt án tillits til viðskiptalegra sjónarmiða fjarskiptafyrirtækja á markaði, eftir atvikum með stuðningi ríkisins. Vísa samtökin til Háhraðaverkefnis stjórnvalda því til stuðnings
- Að stjórnvöld tryggi uppbyggingu á fjarskiptum í dreifbýli til að uppfylla þau markmið sem fram koma í fjarskiptaáætlun Alþingis
- Að kvöð um alþjónustu skipti sköpum fyrir framtíðaruppbyggingu fjarskipta til lengri tíma lítið.

Byggðastofnun:

- Vísa í fjarskiptaáætlun um vilja Alþingis um aðgengi allra landsmanna að fjarskiptum m.a. til að:
 - Nýta sér mögulega upplýsingartækni

- Stuðla að atvinnuuppbyggingu
 - Eflingu lífsgæða
 - Jákvæða byggðarþróun
- Óheppilegt að viðmið um 128 kb/s flutningsgetu sé í fjarskiptalögum
 - Benda á að setja þyrfti ný viðmið
- Um „útgangspunkt“ PFS að væntanlegur alþjónustuveitandi, notendur, jöfnunarsjóður beri kostnað við þær tengingar sem eru framkvæmanlegar
 - Telur að þetta sé ekki í samræmi við vilja Alþingis (þingsályktunartillögu), þar sem lögð er áhersla á jöfnuð
 - Skoðun Byggðastofnunar að viðunandi ástand á svæðum þar sem er markaðsbrestur verði ekki tryggt nema með verulegum fjármunum frá hinu opinbera á næstu árum

Fjórðungssamband Vestfirðinga:

- Mikil þörf á að koma á háhraðatengingum um allt land. Háhraðatengingar séu:
 - grundvöllur fyrir atvinnuþróun í nútímasamfélagi
 - uppbyggingu rafrænnar stjórnsýslu
 - tryggir jafnræði íbúa til aðgengis að þjónustu og afþreyingu,
 - jöfnun búsetuskilyrða
 - bættum lífsgæðum íbúa á landsbyggðinni
- Tryggja eigi aðgengi að kerfum og skilgreindri lágmarkspjónustu
 - Að allir landsmenn sitji við sama borð
 - Endurskilgreina þurfi lágmarkspjónustu og endurskoða hana reglulega þannig að hún sé jafnan í takt við tímann
 - Ríkisvaldið þurfi að móta reglur, setja framkvæmdum og umbótum tímamörk og leggja til fjármagn til framkvæmda þar sem þörf er á
 - Markmið til lengri framtíðar eiga að vera að öll fyrirtæki og heimili eigi kost á ljósleiðaratengingu
 - Tryggja beri framlög frá ríkisvaldinu
 - Uppbygging og rekstur eigi að byggja á innbyggðri jöfnun í kerfinu, sbr. jöfnun á dreifikostnaði á raforku í þéttbýli og dreifbýli
 - Að samhæfðar séu framkvæmdir og samráð á milli veitufyrirtækja þegar farið er í lagnaframkvæmdir
- Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði
- Forgangsverkefni
- Ljósleiðartenging þéttbýlisstaða á Vestfjörðum
- Styður við uppbyggingu fyrir farþjónustu
- Tengir þá þéttbýlisstaði sem eru ótengdir við ljósleiðara
- Styður við uppbyggingu á nettengingum í dreifbýli
- FV hafnar því að eðlilegt sé að gera ráð fyrir þátttöku sveitarfélaga í uppbyggingu gagnaflutningskerfa á landsbyggðinni, enda standa þau misvel
- Forgangsriðun varðandi þátttöku ríkisvaldsins á ekki að ráðast á því hvar sé möguleiki á mótframlagi sveitarfélaga
- Uppbygging á gagnaflutningskerfum ekki frábrugðin öðrum grunninnviðum samfélagsins, s.s. þjóðvegum, flugvöllum, að því leyti á uppbygging heima á hendi ríkisins
- Að tryggja eigi jafnræði með íbúum dreifbýlis og þéttbýlis hvað varðar tengigjöld

- Að jafna eigi þessum kostnaði út á landsvísu, að því leyti sem ekki er komið til móts við hann með beinum framlögum ríkisvaldsins á þeim svæðum þar sem skilgreindur hefur verið markaðsbrestur
- Álögur á notendur ígildi sérstaks skatts á jaðarbyggðir

Samband íslenskra sveitarfélaga:

- Taka undir sjónarmið um útnefningarferlið
- Að alþjónustukvöð sé nærtækust til að tryggja notendum aðgang að fjarskiptatengingum á svæðum þar sem er markaðsbrestur
- Vilja að gripið verði til aðgerða til að hraða uppbyggingu í dreifbýli
- Að settar verði skýrar reglur um kostnaðarhlið uppbyggingarinnar
- Telja að það fyrirkomulag sem kynnt er muni verða íþyngjandi fyrir sum svæði
- Veikleiki að ekki hafi verið lagðar fram upplýsingar um uppbyggingarþörf eftir svæðum eða kostnaðarmat
- Að varhugavert sé að alþjónustuhafi hafi forræði á hvar og hvenær uppbygging fari fram. Gæti þrýst á sveitarfélög að taka þátt í uppbyggingu
- Uppbygging gæti því ráðist af fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga
- Benda á að væntingar komi fram í umræðuskjalinu um að sveitarfélög komi að málum en ekkert er minnst á aðkomu ríkisins
- Gera alvarlega athugasemdir við þetta
 - Telja að fram þurfi að fara viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um verkaskiptingu og ábyrgð á uppbyggingu fjarskiptainnviða
 - Benda t.d. á sjóði EB
- Ekki almennt verkefni sveitarfélaga að sjá íbúum fyrir fjarskiptaþjónustu, þó nokkur fjársterk sveitarfélög hafi farið þá leið
- Gera þarf heildstæða áætlun og kostnaðarmat á uppbyggingu fjarskiptainnviða í dreifbýli
- Vísa að lokum í álit atvinnuvegarnefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2014-2017

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga:

- Ósammála að Öllum kostnaði sé velt yfir á notendur
- Að verið sé að mismuna landsmönnum með þeirri nálgun sem er í umræðuskjalinu
- Alvarleg athugasemd við að þær nauðvarnaaðgerðir sem einstök sveitarfélög hafa gripið til sé notað sem fyrirmynd
- Grunninnviðir samfélagsins og í verkahring þess alls að takast á við uppbygginguna líkt og á við um vegakerfið
- Ráðstafa ætti opinberu fé í verkefnið, sbr. dómur ESA nr. 72904 (Skeiða- og Gnúpverjahreppur)
- Gagnrýna að 128 kb/s hafi ekki verið endurskilgreind í fjarskiptalögum
 - Að PFS eigi að hafa það hlutverk að uppfæra þessa lágmarksflutningsgetu á hverjum tíma
- Ekki hægt að taka mið af skilgreiningum fjarskiptasjóðs varðandi svæði þar sem markaðsbrestur er
- Að PFS beri að setja fram aðgerðaráætlun sem tryggði skilvirkni og jafnræði á svæðum þar sem er markaðsbrestur
- Að hæpið sé að miða við stjórnsýslumörk sveitarfélaga
- Að byggja beri eitt grunnnet fjarskipta, offjárfesting á sumum stöðum á meðan hlutar landsins búa við óásættanlega niðurstöðu

- Taka undir sjónarmið um tæknilegt hlutleysi
- Vilja styðjast við þá leið sem boðuð er í kafla 5.7.4 og viðauka
 - Meiri jöfnun í gegnum jöfnunarsjóð eða í gegnum fjárlög
 - Kostnaði notenda mótmælt
 - Kostnaði sveitarfélaga mótmælt
- Eðlilegt að sett sé þak á kostnað alþjónustuveitanda
- Verkefni samfélagsins alls að kosta uppbyggingu

3. Yfirlit yfir spurningar úr umræðuskjali PFS

Hér fyrir neðan er að finna samantekt PFS á svörum hagsmunaaðila við einstökum spurningum í umræðuskjali stofnunarinnar. Rétt er að taka fram að samantekt sjónarmið, hér að ofan getur í einhverjum tilvikum einnig verið svör við einstökum spurningum PFS hér að neðan.

Spurning 1

Ert þú sammála ofangreindum sjónarmiðum í tengslum við hugsanlega útnefningu alþjónustuveitanda með skyldu til að veita aðgang að almenna fjarskiptanetinu?

Eru einhverjir aðrir þættir sem PFS ber að líta til í útnefningarferlinu?

Míla

Í athugasemdum Mílu var m.a. lögð áhersla á að tryggja þyrfti að Míla bæri ekki ósanngjörn byrði af kvöð um alþjónustu. Telur Míla að hámarkskostnaður fyrirtækisins af hverri heimtaug geti verið 100.000, er miðað er við sama verð um allt land, núverandi WACC og 30 ára afskriftartíma.

Ef hámar meðalverð verði sett við 500.000. Þyrfti heimtaug að kosta 5000 kr. á mánuði.

Vodafone

Tekur undir sjónarmið PFS sem horfa skal til við útnefningu alþjónustuhafa

Vekur einnig athygli á að þar sem er markaðsbrestur, að þau svæði eru oft einnig illa stofntengd.

Skoða ætti reglur sem auðvelda og flýta fyrir endurnýjun aðgangsneti s.s.

- Skyldur veitufyrirtækja um aðgang að rörum eða ljósleiðurum
- Skyldur veitufyrirtækja um að upplýsa á miðlægum stað um fyrirhugaðar graftarframkvæmdir
- Miðlæg skráning fyrirbyggjandi lagna

Reglur um ofangreint myndu að mati Vodafone flýta fyrir uppbyggingu aðgangsneti

Tengir

Tengir benda á að tekjur duga ekki fyrir 500.000 kr. framlagi alþjónustuveitanda

Umhugsunarvert hvort það eigi yfir höfuð að setja þak á kostnað notenda þegar þeir óska eftir tengingu við almenna fjarskiptanetið benda á reglur raforkulaga því til stuðnings Frumkvæði að uppbyggingu ætti hugsanlega að koma frá PFS

Byggðastofnun

Byggðastofnun er sammála umfjöllun PFS, að því gefnu að tillögur um kostnaðarskiptingu verði endurskoðaðar og tryggt verði viðbótarfjármagn frá ríki um að greiða fyrir tengingu á svæðum sem búa við markaðsbrest.

Spurning 2

Ertu sammála þeim sjónarmiðum sem PFS hyggst leggja til grundvallar við val og útnefningu á alþjónustuveitanda?

Er einhver önnur leið fær til að tryggja notendum aðgang að almenna fjarskiptanetinu, en að leggja kvöð á útnefndan alþjónustuveitanda samkvæmt reglum um alþjónustu?

Ertu sammála því mati/aðferðarfræði PFS að útnefna alþjónustuveitanda eingöngu á þeim svæðum þar sem ekki ríkir samkeppni í heimtauganetinu?

Míla:

- Míla bendir á að byrði upp á 500.000 sé ósanngjörn í skilningi fjarskiptalaga
- Hugsanlega má leysa hluta af vandanum með Ljósneti og þráðlausum lausnum
- Alþjónusta ætti að vera þjónusta en ekki tæknileg lausn
- Sammála að eingöngu verði útnefnt á svæðum þar sem er markaðsbrestur

Vodafone

- Tekur undir með PFS að skapa verði umhverfi sem brýtur upp þá kyrrstöðu, sem er í dag um aðgengi dreifbýlis að fjarskiptaþjónustu sambærilegri og er í þéttbýli
- Endurnýjun aðgangsnets þurfi hins vegar ekki að einskorðast við fjarskiptafélög, sem fæst hafi það að markmiði að eiga grunnnet, horfir Vodafone þá einkum til þátttöku sveitarfélaga

Tengir

- Sammála að einungis eigi að útnefna á þeim svæðum þar sem ekki er samkeppni

Byggðastofnun

- Sammála sjónarmiðum um val og útnefningu á alþjónustuveitanda
- Bendir jafnframt á að útnefning alþjónustuveitanda þurfi að fara saman við verulegt fjármagn frá hinu opinbera ef takast eigi að byggja upp fullnægjandi gagnaflutningsnet innan hæfilegs tíma.
- Tryggja þarf að öll svæði búi við öfluga tengingu

Spurning 3

Hvert er þitt álit á þeim atriðum sem reifuð eru hér að ofan, varðandi mat á því hver væri hæfilegur gildistími kvaðar um að veita aðgang að almenna fjarskiptanetinu, og um heimild PFS til að endurskoða einstaka útfærslur á alþjónustukvöðinni t.d. kostnaðarhlutdeild?

Míla, Vodafone og Tengir, og Byggðastofnun

Gera ekki athugasemd við það útnefningartímabil, sem fram kom í umræðuskjali PFS

Byggðastofnun bendir auk þess á að ekki sé óeðlilegt að einstakir þættir útnefningar verði teknir til endurskoðunar. Telur einnig að það þurfi að vera skýrt hvert hlutverk alþjónustuveitanda sé sem og jöfnunarsjóðs að því er varðar kostnað, sem og þess kostnaðar sem „óhjákvæmilega“ lendir á hinu opinbera. Bendir Byggðastofnun á að núverandi staða hafa tilviljunarkennt rekið sveitarfélög og ýmsa aðra aðila til framkvæmda, sem leiðir líklega til frekari misræmis í þjónustu og kostnað við hana.

Spurning 4

Telur þú að útfærsla kvaðarinnar m.t.t. framangreindra mismunandi forsenda skynsamlega?

Míla

- Míla sammála að miða skuli við svæði þar sem er markaðsbrestur sé til staðar
- Að forræði sé í höndum Mílu
- Að ekki verði lögð kvöð um endurnýjun kopar yfir í ljós
- Grundvallarforsenda að hægt sé að taka koparinn strax úr notkun
- Að bæta þurfi Mílu upp fjárhagslega byrði
 - Notendur
 - Opinberir aðilar
- Tekur undir að settar séu skýrar reglur um skiptingu kostnaðar

Vodafone

- Kostnaður við ljósleiðaratengingu meiri fyrir notenda en fyrir ADSL tengingu
- Ljósnet hefur leyst vandann að einhverju leyti

Tengir

- Tæplega 5000 heimili hafa aðgang að ljósleiðaratengingum félagsins
 - Leggja einungis í hús þar sem notendur óska eftir tengingum
 - Tengigjald í þéttbýli á bilinu 25.000 til 100.000
 - Í dreifbýli greitt samkvæmt tilboði
 - Mánaðargjöld, í þéttbýli og dreifbýli þau sömu, til umræðu hefur verið að hafa þau mismunandi
- Samanburður á stofngjöldum fyrir ljósleiðaratengingar og stofngjöldum rafmagns og hitaveitu
 - Geta verið umtalverð
 - Gerður greinarmunur á þéttbýli og dreifbýli
 - Notkunargjöld geta einnig verið mismunandi á milli þéttbýlis og dreifbýlis
 - Nýlagning oft háð þátttöku notenda
 - Allar dreifiveitur (rafveitur-hitaveitur) með fyrirvara í skilmálum um að ef kostnaður við heimlögn er meira en hefðbundið stofngjald er heimilt að innheimta viðbótargjald.
- Sammála sjónarmiðum um að notendur eigi að hafa val um kostnaðarþátttöku til að flýta fyrir uppbyggingu
- Ekki á að gera óraunhæfar kröfur til fjarskiptafyrirtækja, nema til komi opinber stuðningur við framkvæmdina
- Sammála sjónarmiðum um að óraunhæft sé að koma upp háhraðatengingum alls staðar. Eðlilegt að slíkt mat sé endurskoðað í ljósi breyttra aðstæðna og forsenda.

Byggðastofnun

- Að viðmið um 128 kb/s hafi enga raunhæfa þýðingu
- Að fara þurfi varlega í að leggja kostnaðinn á notandann
- Íþyngjandi að borga margfalt meira í dreifbýli en þéttbýli, fyrir grunnþjónustubátt sem í dag telst alger forsenda fyrir búsetu og atvinnu.
- Yrði á skjön við markmið fjarskiptaáætlunar er snúa að jöfnun aðstöðu landsmanna.

Spurning 5

Hvert er þitt álit á þeirri tillögu PFS hér að ofan að útnefna Mílu ehf. áfram sem alþjónustuveitanda að því er varðar tengingu við almenna fjarskiptanetið á þeim stöðum þar sem fyrirtækið er eitt á markaðnum og á þeim svæðum þar sem markaðsbrestur hamlar því að aðgangsnetið verði endurnýjað á viðskiptalegum forsendum?

Eru aðrir þættir en ofangreindir, sem rétt væri að taka til skoðunar af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar þegar kemur að útnefningu nýs alþjónustuveitanda á sviði tengingar við almenna fjarskiptanetið?

Míla

- Míla sammála að aðeins sé útnefnt á svæðum þar sem er markaðsbrestur er til staðar
- Hefur þó áhyggjur af því að þróunin verði sú að Míla sitji ávallt uppi með óhagkvæmustu svæðin og þurfi að deila sínum kostnaði á viðskiptavinum á samkeppnissvæðum
- Dreifa verður kostnaði á alla aðila á markaði
- Míla bendir jafnframt á að ríkið þurfi einnig að standa straum að því að koma markmiðum sínum í fjarskiptaáætlun framkvæmd. Ekki hægt að leggja þá ábyrgð á einkafyrirtæki eingöngu.

Vodafone

- Sammála að Míla verði útnefnt sem alþjónustuveitandi
- Skoða þarf hvort hægt sé að binda alþjónustukvöðina við þráðlausan aðgang, „staðgönguvara?“

Tengir

- Sammála að Míla verði útnefnt áfram

Byggðastofnun

- Heppilegast að velja það fyrirtæki sem líklegast er til að sinna verkefninu með fullnægjandi hætti
- „Fullnægjandi“ er að mati Byggðarstofnunar tenging sem 100 Megabita hraða árið 2022, sbr. fjarskiptaáætlun
- Að fara verði varlega í að víka frá meginreglu að endurnýjun aðgangsneta verði með því að skipta kopartengingum út fyrir ljósleiðara
- Þráðlaus tækni viðkvæmari fyrir truflunum
- Bilun á útsendingarbúnaði í vondum veðrum
- Óviðundandi að heil héruð yrðu þannig lítt eða ekki tengd við fastanetið

Spurning 6

Miðað við ofangreinda umfjöllun hvaða leið telur þú að sé vænlegust til að stuðla að endurnýjun á aðgangsneti á þeim svæðum þar sem talið er að markaðsbrestur sé til staðar? Eru einhverjar aðrar leiðir sem koma til greina en þær þrjár sem PFS hefur reifað?

Míla

- Vill skoða leið 3, nánar.
 - Telur þó alla áhættu á Mílu
 - Markaðurinn og ríkið verði einnig að bera áhættu
 - Áhætta Mílu meiri en sem nemur 0,5% jöfnunargjaldi sem talið er hæfilegt að markaðurinn beri

- Hámarksframlag Mílu verði að vera minna en 500.000
- Miða verði við kostnað vegna einstakra heimtauga, en ekki meðaltalskostnað

Vodafone

- Leið 1, við einstaka endurnýjun
- Leið 3 við heildstæða svæðisendurnýjun

Tengir

- Nánar um kostnaðarskiptingu:
 - Sammála að skapað sé hvetjandi umhverfi til að farið sé í uppbyggingu
 - Efla á jöfnunarsjóð, fái sérstök framlög á fjárlögum
 - Ekki öll netfyrirtæki sem geta tekið á sig kostnað undir þeim formerkjum að þak sé á kostnaði notenda
 - Benda á hlutverk jöfnunarsjóðs og eftir atvikum Alþingis við uppbyggingu netkerfa á einstökum svæðum
 - Að markssvæði sé skilgreint sem þéttbýliskjarni yfir einhverri tiltekinni stærð
 - Ólíklegt að fjarskiptafyrirtæki byggji upp í dreifbýli á markaðsforsendum
 - Aðrar veitur skipta í dreifbýlis og þéttbýlisgjaldskrá bæði í heimlögnum og notkunargjöldum, auk skilmála um sérstakan umframkostnað

Byggðastofnun

- Að stuðst verði við leið 3, með breytingum
 - Að minni kostnaður falli á notanda
 - Að ekki eigi að reikna með framlagi frá sveitarfélögum nema þau óski eftir því, t.d. til að flýta fyrir framkvæmdum
- Að til komi verulegt framlag frá hinu opinbera (sérstakt framlag samþykkt af Alþingi) þegar á árinu 2014, sem kæmi til viðbótar framlagi úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Ef ekki þá munu markmið um uppbyggingu ekki nást

Spurning 7

Ert þú sammála ofangreindum skilyrðum sem reifuð eru hér að ofan varðandi umsóknir um framlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu?

Eru einhver önnur skilyrði sem þú telur að eigi að vera sett að því er varðar umsóknir um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu?

Míla

- Of flókið og kostnaðarsamt fyrir umsækjanda
- Verði að vera skýrar og fyrirsjáanlegar reglur sem tryggja tap Mílu vegna kvaðarinnar
- Ef miða á við 0,5% jöfnunargjald geti jöfnunarsjóður aldrei staðið undir markmiðum fjarskiptaáætlunar

Vodafone

- Ekki athugasemdir og vísar til fyrri ákvarðanna PFS um framlag úr sjóðnum

Tengir

- Um framlag úr jöfnunarsjóði
 - Tryggja þarf að alþjónustuhafi fái ekki forskot
 - Gæti verið hreinlegast að fara í útboð til að finna út kostnaðarviðmið

- Opin aðgangur að netum eðlilegur

Byggðastofnun

- Sammála skilyrðum
 - Aukaframlag frá ríki
 - Hlutur notenda lægri

Spurningar úr viðauka

Spurning 1

Telur þú eðlilegt að sett sé þak á hámarkskostnað alþjónustuveitanda?

Telur þú eðlilegt að þak á hámarkskostnað alþjónustuveitanda við lagningu nýs aðgangsnets (ljósleiðaranets) sé 500.000 kr. að meðaltali á hverja heimtaug? Ef ekki, hver ætti hámarkskostnaðurinn að vera, vinsamlegast rökstyðjið svarið?

Ert þú sammála þeirri nálgun PFS að allur kostnaður sem fer yfir 500.000 kr., á hverja heimtaug, að meðaltali á einhverju svæði, sé ósanngjörn byrði í skilningi 1. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga og eigi þess vegna að vera borinn af öðrum aðilum en alþjónustuhafa?

Ert þú sammála því að skipta uppbyggingunni upp m.v. mörk sveitarfélaga, þannig að meðaltalskostnaður innan sveitarfélagsins verði lagður til grundvallar. Ætti að hafa mörkin stærri, t.d. sýslu eða landsfjórðung?

Míla

- Eðlilegt að sett sé hámarksviðmið, ef miða á við viðmiðunarfjárhæð PFS þyrfti leiguverð að vera 5000-6000 kr.
- Koparlínukerfi yrði lagt niður
- Óásættanlegt ef það yrði að hækka gjaldskrá almennt vegna uppbyggingar á svæðum þar sem er markaðsbrestur

Vodafone

- Sammála sjónarmiðum um hámarkskostnað á alþjónustuveitanda
- Ef kostnaður mikill þá ætti heimtaugargjald viðkomandi notenda að hækka.
- Um skiptingu svæða þá ber PFS að hafa hagsmuni fjarskiptamarkaðarins að leiðarljósi

Byggðastofnun

- Sammála öllum sjónarmiðum PFS, nema umfjöllun um skiptingu svæða
 - Mismunar eftir búsetu
 - Dreifing byggðar mismundandi eftir sveitarfélögum
 - Kostnaður þ.a.l. mismunandi
 - Fjárhagsleg geta sveitarfélaga mismunandi
 - Mörk sveitarfélaga geta breyst með tímanum vegna sameiningar
 - Eðlilegast og sanngjarnast að miða við landið í heild.

Spurning 2

Telur þú að þau viðmiðunarmörk sem hér eru reifuð varðandi kostnaðarþátttöku notanda vera sanngjarna og eðlilega?

Míla

- Að mati Mílu duga viðmiðunarmörk ekki

Vodafone

- Eðlileg hámarksviðmið á alþjónustuhafa og notenda
- Telur að ekki sé réttlætanlegt að leggja auknar álögur á fjarskiptamarkaðinn í gegnum jöfnunarsjóð

Byggðastofnun

- Ekki í anda fjarskiptaáætlunar eða fjarskiptalaga að leggja svona þungar byrðar á notendur í strjálbýlli hluta landsins.
 - Framlag frá ríkinu nauðsynlegt
 - Eykur mun á samkeppnishæfni dreifbýlis og þéttbýlis
 - Ekki heppilegt að bera saman stofnkostnað við heimtaug rafmagns, vatns eða hitaveitu

Spurning 3

Finnst þér eðlilegt að þeir sem búa á svæði 4 beri sjálfir þann kostnað við endurnýjun heimtauga, sem fer yfir þau viðmiðunarmörk sem fjallað er um í köflum 2.1 til 2.3? Ef ekki, hvernig á að fjármagna slíkar framkvæmdir?

Míla

- Að mati Mílu engar aðrar leiðir í stöðunni en að ríkið greiði

Voda

- Aðferð PFS ekki mótmælt
- Bendir einnig á að hugsanlega sé hægt að koma til móts við þessa notendur með því að styrkja stofnleiðir

Byggðastofnun

- Nei
- Opinberir aðilar (ríkið)

Spurning 4

Telur þú eðlilegt að sett sé hámark á hvað einstök tenging má kosta sem fjármögnuð yrði að hluta úr jöfnunarsjóði alþjónustu, þ.e. 500.000 kr. meðaltal fyrir hverja tengingu og að heildarbyrði fjármögnunar jöfnunarsjóðs verði að hámarki 0,5% af bókfærðri veltu fjarskiptamarkaðarins?

Telur þú eðlilegt að heimilt verði að undanskilja dýrustu tengingar innan hvers svæðis, t.d. þær sem kosta yfir 3.000.000 kr. á svæðum þar sem eru færri en 200 tengingar?

Ef svo er, telur þú að það ætti að miða við önnur kostnaðar- eða fjöldamörk?

Míla

- Míla leggur áherslu á að raunverð heimtaugar verði greitt
 - Tryggja þarf að Míla beri ekki ósanngjarna byrði í andstöðu við ákvæði fjarskiptalaga
 - Að jöfnunargjald yfir 0,5% sé talið íþyngjandi, á sama tíma er það talið sanngjarnt að Míla beri kostnað sem nemur margfaldri ársveltu fyrirtækisins

- Sammála að sleppa beri dýrustu tengingunum, fjárhæðamörk þyrfti að skoða betur.

Vodafone

- Ekki réttlætanlegt að leggja auknar álögur á fjarskiptamarkaðinn
- Taka undir sjónarmið um að sleppa eigi dýrustu tengingunum

Byggðastofnun

- Sammála sjónarmiðum um að setja eigi hámark á greiðslur úr jöfnunarsjóði
- Kanna á samt að hafa hámarksfjárhæð hærri en 1.300.000
- Ríkið greiði það sem upp á vantar
- Eðlilegt að undanskilja allra dýrustu tengingarnar
- Að PFS kortleggi stöðuna sem allra fyrst